



Tillögur til hluthafafundar Arion banka hf. sem haldinn verður þann 5. september 2018

Hluthafafundur í Arion banka hf. verður haldinn þann 5. september 2018 í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík og hefst hann kl. 16:00 að íslenskum tíma. Á fundarboðsdegi er farið með atkvæði fyrir 1.559.017.588 hluti.

Dagskrá:

1. Tillaga um arðgreiðslu til hluthafa bankans
2. Breyting á stjórn bankans
Kosning eins nýs stjórnarmanns sem starfi fram að næsta aðalfundi bankans
3. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd
4. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd
5. Tillaga um breytingar á samþykktum
6. Önnur mál

Tillögur stjórnar sem liggja fyrir fundinum:

1. Vegna dagskrárliðar 1 - tillaga um arðgreiðslu til hluthafa bankans

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur kr. 10.000.000.000,00. Arðgreiðslan mun jafngilda 5 krónum á hvern hlut.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 6. september 2018.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 7. september 2018. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 28. september 2018.

Greinargerð:

Á aðalfundi Arion banka hf. 2018 samþykktu hluthafar að enginn arður yrði greiddur að svo stöddu, en fram kom að stjórn bankans hefði heimild til að boða til aukahluthafafundar og leggja fram tillögu um arðgreiðslu eða aðra ráðstöfun hlutafjár, fram að aðalfundi bankans 2019. Almennt hlutfall eiginfjárbáttar 1 var 23,1% þann 30. júní 2018. Arðgreiðsla að fjárhæð 10 milljarða króna lækkar það hlutfall bankans í 21,8% sem er vel yfir eiginfjárkröfum bankans.



2. Vegna dagskrárliðar 4 – tillaga um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Lagt er til að nefndarmenn í tilnefningarnefnd, þ.á m. formaður nefndarinnar, fái kr. 150.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 150.000 á mánuði ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði og að hámarki kr. 900.000 á hverju almanaksári.

Greinargerð:

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar skal aðalfundur ákveða þóknun til nefndarmanna nefndarinnar. Þar sem tilnefningarnefnd hafði ekki verið sett á stofn þegar aðalfundur bankans fór fram í mars 2018 var ekki tekin ákvörðun um þóknun nefndarinnar þar.

3. Vegna dagskrárliðar 5 - breytingar á samþykktum

Tillögur:

- a. **Lagt er til að nógildandi ákvæði til bráðabirgða í samþykktum bankans verði fellt brott í heild sinni úr samþykktum.**

Greinargerð:

Ákvæði til bráðabirgða fjallar um undanþágu frá tilteknum ákvæðum samþykktanna um boðunarfrest til hluthafafunda. Samkvæmt ákvæðinu skyldi það falla niður þegar hlutabréf Arion banka hf. yrðu tekin til viðskipta hjá Nasdaq á Íslandi. Er því lagt til að ákvæðið verði fellt brott úr samþykktum bankans.

- b. **Lagt er til að nógildandi viðauki nr. 1 við samþykktir bankans verði felldur brott í heild sinni úr samþykktum bankans.**

Greinargerð:

Viðauki nr. 1 við samþykktirnar fól í sér heimild til kaupa á eigin bréfum og var veitt á hluthafafundi 12. febrúar 2018. Heimild þessi var nýtt í febrúar 2018.

Skýringar á liðum 2 og 3 í dagskrá fundarins

Breyting á stjórn Arion banka – Kosning eins nýs stjórnarmanns

Stjórn bankans hefur ákveðið að kosning eins nýs stjórnarmanns fari fram á hluthafafundinum. Nýr stjórnarmaður skal starfa fram að næsta aðalfundi bankans í stað stjórnarmanns sem lét af störfum áður en kjörtímabili hans lauk, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir hluthafafund, sbr. ákvæði samþykta bankans. Skulu tilkynningar berast á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 31. ágúst 2018. Upplýsingar um frambjóðendur



til stjórnar verða birtar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir hluthafafundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.

Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Í samræmi við samþykktir bankans og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri á að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd. Þriðji nefndarmaðurinn skal vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður skipaður af stjórn bankans.

Einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu tilkynna um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Skulu tilkynningar því berast á netfangið hluthafar@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 31. ágúst 2018. Reglur samþykta um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Upplýsingar um frambjóðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir hluthafafundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.